

Reglugerð um heiðursviðurkenningar Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

1. grein

Stjórn ÍBH skal ef tilefni er til, veita viðurkenningu einstaklingum, félögum eða félagasamtökum viðurkenningar, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. grein

Heiðursviðurkenningar eru þessar fjórar:

1. Gullmerki ÍBH.
2. Silfurmerki ÍBH.
3. Þjónustumerki ÍBH.
4. Fáni ÍBH á stöng með áletrun.

3. grein

Heiðursmerki ÍBH er gull eða silfurmerki. Merkið er með upphafstöfum ÍBH, á borða með áletrun Íþróttabandalag og fyrir neðan Hafnarfjarðar. Heiðursmerki ÍBH skal aðeins veita íslenskum ríkisborgurum sem hafa unnið í meir en áratug að stjórnar- eða félagsmálum hafnfirskrar íþróttahreyfingar og haft gagnger áhrif á viðgang íþróttamála í Hafnarfirði, eða unnið eitthvað það verk í þágu íþróttamála í Hafnarfirði eða á landsvísu sem mikla þýðingu hefur.

4. grein

Þjónustumerki ÍBH er eins og heiðursmerki ÍBH nema að grunnlitur er rauður. Þjónustumerki skal afhenda stjórnarmönnum og fulltrúum ÍBH á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem ÍBH er aðili að. Stjórn ÍBH er heimilt að veita þjónustumerki fyrir gott starf að félags- eða íþróttamálum hafnfirskrar íþróttahreyfingar.

5. grein

Fáni ÍBH er vitamerki með upphafsstöfum ÍBH. Ofan við vitann er nafn bandalagsins og fyrir neðan er stofndagur og ár. Fáninn er hvítur en vitinn og áletrunin er rauð, kögur að neðan er hvít. Fáninn er tvöfaldur með snúru og kögri. Fánann skal veita félögum, einstaklingum og öðrum sem stjórn ÍBH ákveður hverju sinni. Fáninn skal vera á stöng með áletrun þegar hann er veittur.

6. grein

Heiðursviðurkenningar ÍBH skal færa inn í sérstaka gerðarbók.

Samþykkt á stjórnarfundum ÍBH á 50 ára afmæli ÍBH 28. apríl 1995.